



Reykjavík, 13. febrúar 2018

Áherslur LÍS vegna breytinga á Lánasjóði íslenskra námsmanna

Landssamtök íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS) kalla eftir stóreflingu á fjárhagslegu stuðningskerfi stúdenta. Boðuð stórsókn nýrrar ríkisstjórnar í menntamálum kemur ekki að gagni ef ekki fylgir bættur stuðningur við stúdenta. Þeir hafa setið eftir við leiðréttingu á skuldum einstaklinga og þróun kaupmáttar. Framfærsla og frítekjumark námslána hefur ekki haldið í við þróun launa og húsnæðiskostnaðar á undanförunum árum.

Framkvæmdastjórn LÍS hefur samþykkt eftirfarandi áherslur í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á Lánasjóði íslenskra námsmanna (hér eftir LÍN). Umfjöllunin er tvískipt. Í fyrsta lagi er fjallað um atriði er varða breytingar á lögum nr. 21/1992. Í öðru lagi eru úthlutunarreglur LÍN teknar fyrir.

I. Lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna

Samstarf við stúdenta

LÍN er til fyrir tilstilli stúdenta og er því gríðarlega mikilvægt að rödd þeirra sé sterk við endurskoðun og almenna stjórnun sjóðsins. LÍS leggja því fyrst og fremst áherslu á að skipaðir verði að minnsta kosti **tveir** fulltrúar stúdenta í starfshóp þann er falið er að endurskoða lög um LÍN. Stúdentar eru fjölbreyttur hópur einstaklinga sem ekki verður talað fyrir með einungis einum fulltrúa. Þátttaka tveggja fulltrúa stúdenta stuðlar að auki að auknum gæðum þátttökunnar enda hafa þeir færi á að ráðfæra sig og ræða við jafningja.

Stuðningur við stúdenta aukinn

Til þess að raunhæft sé að innleiða styrkjakerfi og aðrar breytingar sem efla stuðning við stúdenta, líkt og þær sem hér eru nefndar, þarf aukin fjárframlög ríkisins til málaflokksins. Annars eru þær breytingar líklegar til að vera á kostnað stúdenta, ef um er að ræða tilfærslu á fjármagni.

Styrkur innifalinn í kerfinu til að efla jöfnunarhlutverk lánasjóðsins

LÍS krefjast þess að hlutverk sjóðsins sem félagslegur jöfnunarsjóður verði eftl. LÍN skal starfa sem félagslegur jöfnunarsjóður og styðja við markmið um öflugt og upplýst samfélag þar sem menntun er aðgengileg, stúdentar vilja stunda nám og háskólamenntaðir vilja starfa. Stúdentum eiga að standa til boða tækifæri til náms, jafnt héraendis og erlendis. Eins og staðan er núna, uppfyllir lánasjóðurinn ekki þetta hlutverk og því mikilvægt að innleitt verði styrkjakerfi, byggt á einhverjum þeirra fyrirmynda sem finnast á Norðurlöndunum.

Afborgun lána

LÍS eru alfarið mótfallin hækkun vaxta. Kostir núverandi lánasjóðskerfis eru faldir í því að tími fram að afborgun eftir lokun skuldabréfs eru tvö ár og í tekjutengingu afborgana. Þetta ýtir undir hlutverk LÍN sem jöfnunarsjóður. LIŚ leggja gríðarlega mikla áherslu á að svo verði áfram í nýju kerfi.

Andstæð aldurstakmörkun

Til að tryggja jafnrétti til náms eru LIŚ mótfallin því að takmörk séu sett á aldur lánþega. Síðbreytilegt samfélag krefst fjölbreyttari menntunar. Því er nauðsynlegt að endurmenntun sé aðgengileg og standi fólki á öllum aldri til boða óháð fjárhag. Með aldurstakmörkun á lánshæfi er breiðum hópi fólks gert erfiðara fyrir að sækja sér menntun og þar með uppfyllir LÍN ekki hlutverk sitt sem jöfnunarsjóður.

Útborgun lána

LÍS vilja að útborgun lána séu mánaðarlegar greiðslur í stað eingreiðslna. Það býður upp á aukinn sveigjanleika og losar stúdenta undan þörf til að vera í viðskiptum við banka vegna námslána, enda er slíkt ekki viðeigandi.

Lánshæfi stúdenta

Reglur um það hverjir eiga rétt til námslána eiga heima í lögum um LÍN en ekki í úthlutunarreglum enda tryggir það stöðugleika sem er nauðsynlegur í því sambandi. Þá skulu skilyrðin vera endurskoðuð með tilliti til jafnréttis til náms í ljósi þess að þau vega að því eins og þau eru í dag. Þá gera skilyrðin erlendum nemum erfiðara fyrir að sækja námslán hér á landi og jaðarsettir hópar líkt og flóttafólk eiga enga von um lánshæfi.

II. Úthlutunarreglur LÍN

Frítekjumark

LÍS krefjast þess að frítekjumark verði sambærilegt því sem tíðkast á Norðurlöndunum. Frítekjumark LÍN er 930.000 kr. í hámarksárstekjur sem er lægst á Norðurlöndunum og meira en helmingi lægra en í Noregi og Danmörku. Fyrsta skref gæti verið að hækka frítekjumark í samræmi við launaþróun. LIŚ vilja jafnframt að skerðingarhlutfall framfærsluláns, þegar árstekjur fara umfram frítekjumark, lækki úr 45 %, niður í 35 % eins og það var áður en því var breytt árið 2014. Einnig vilja LIŚ að eftir námshlé megi sækja um fimmföldun frítekjumarks eins og áður var, í stað þreföldunar eins og nú er.

Grunnframfærsla

Samtökin vilja að grunnframfærsla sem LÍN miðar við verði að minnsta kosti 100 % af grunnviðmiði neysluviðmiða Velferðarráðuneytisins, í stað 92 % sem nú er. Þá óska samtökin þess að markvisst verði unnið að því að hækka framfærslu í samræmi við framfærslu annarra samfélagshópa eða lágmarkslaun.

Námsmenn erlendis

Endurskoða þarf hvernig framfærsla íslenskra námsmanna erlendis er reiknuð. Framfærsla þeirra þarf að vera í takt við aðstæður hverju sinni og þarf að sækjast eftir því að eiga samtal við stúdenta þegar hún er endurskoðuð. Það er samfélaginu öllu til hagsbóta að nám erlendis sé eftirsóknarverður og mögulegur kostur fyrir alla, óháð efnahag.

Námsmenn með börn

LÍS vilja að stuðningur við fjölskyldufólk í námi sé aukinn til muna. Tryggja þarf framfærslu barna, óháð því hvernig foreldrum gengur í námi. Endurskoða þarf framfærslu umgengnisforeldra með það að markmiði að jafnræðis verði gætt milli þeirra og lögheimilisforeldra.

Húsnæðismál lánþega

Þegar framfærsla stúdenta er ákveðin með tilliti til húsnæðiskostnaðar þarf að miða við aðstæður í raun enda búa einungis um 9 % þeirra í stúdentaíbúðum sem eru þau leigukjör sem LÍN miðar við í dag. Framfærsla stúdenta sem ekki búa í foreldrahúsum er því miðuð við stúdentaíbúðir en ekki við raunverulega þörf þeirra sem búa á almennum leigumarkaði. Þegar skortur á stúdentaíbúðum er eins mikill og raun ber vitni er mikilvægt að LÍN taki tillit til og komi til móts við stúdenta í samræmi við það.

Lágmarksframvindukröfur

Sumar greinar háskólanna eru með það viðamikla áfanga að sumir stúdentar sækja staka áfanga sem telja allt að 18 ECTS einingar. Nýlega voru námsframvindukröfur hækkaðar úr 18 einingum í 22 einingar. Falli stúdent því í slíkum áfanga hverfa nær líkur hans á að uppfylla lánsskilyrði algjörlega. Ótækt er að stúdentar eigi á hættu á slíku áfalli ofan á krefjandi nám og vilja LÍS því að kröfurnar verði aftur lækkaðar í 18 einingar á önn. Jafnframt þarf að tryggja einstaklingum sem stunda nám meðfram vinnu stuðning.

Lánshæfar einingar

Mikilvægt er að stúdentar njóti svigrúms til þess að stunda fjölbreytt nám. Stúdentar þurfa að eiga þess kost að skipta um námsleiðir æski þeir þess, innan eðlilegra marka. Jafnframt þarf stuðning við stúdenta sem verða að þreyta samkeppnispróf oftar en einu sinni fyrir inngöngu í ákveðnar greinar. Sveigjanleiki í námi stuðlar ekki aðeins að aukinni vellíðan heldur fjölbreyttari og öflugri einstaklingum fyrir samfélag og atvinnulíf. Því vilja LÍS að lánshæfum einingum verði fjölgað úr 480 einingum, í 600 einingar.